

Afrit af Stærðfræði 3. bekkur

Kennarar: Halldóra Sædis Halldórsdóttir; Sigríður Birgisdóttir

3

Skólaárið

2025-2026

Helstu námsþættir vetrarins

Í upphafi hverrar viku er sérstakur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni vikunnar og markmið útskýrð. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleiðir og skýri lausnaferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn - Sproti 3a.

Ágúst - september : upplýsingar og tölfræði

September : þriggja stafa tölur

Október : mælingar og tími

Nóvember : rúmfræði og margföldun

Desember : deiling, samhverfa og horn

Vorönn - Sproti 3b

Janúar : kaup og sala

Febrúar - mars : samlagning og frádráttur og rúmfræði

Mars - apríl : almenn brot og margföldun

Maí : reikningur og rúðunet

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi. Leitast er við að nemendur hafi aðgang að hjálpargögnum og að verkefni séu aðlöguð að talnaskilningi hvers og eins.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara.

Eftir hvern efnisþátt taka nemendur könnun til að meta stöðu og áframhaldandi nám. Niðurstöður sendar heim í ferilmöppu.

Námsgögn

Sproti nemendabók 3a og 3b, Sproti Æfingahefti 3a og 3b, Stærðfræðispæjarar 2 og 3, Húrrahefti fyrir 3. bekk, Könnun kortin 1, Stefnum á

margföldun, ýmsir gagnvirkir vefir og smáforrit.